

III

Eignum Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingar-sjóðs fiskiskipa hinn 14. maí 1986 skal ráðstafa sem hér segir:

- a. Til þess að ljúka skuldbindingum sjóðanna þriggja fram til 14. maí 1986 þegar starfsemi þeirra lýkur, sbr. 17. gr.
- b. Þær eignir Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 51/1983, með síðari breytingum, er lokið, skulu renna til Fiskveiða-sjóðs Íslands.
- c. Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna, 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, skv. tillögum byggingarnefndar hússins er sjávarútvegsráðherra skipar fyrir árslok 1986, og 3 milljónum króna til Landssambands smábátaeigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingum Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
- d. Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 milljónum króna til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 milljónir króna skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.
- e. Sjávarútvegsráðherra staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985,
um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. laganna komi nýr staflíður svohljóðandi:

- e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflökks síðasta almanaksmánuð sé ekki herra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu,
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

2. maí 1986

Nr. 26

LÖG

um talnagetraunir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íþróttasambandi Íslands (ÍÍÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtök þessi munu stofna, getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

2. gr.

Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnað af fimm manna stjórn er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar Íþróttasamband Íslands tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.